

**bænda**  
FERÐIR

## HJÓLAÐ VIÐ ZELL AM SEE



**17. – 24. ágúst 2025**

**Fararstjórn: Bjarni Torfi Álfþórsson**

Hjólaferð

Austurríki | Þýskaland

## Ferðalýsing

Hér er á ferðinni einstaklega þægileg hjólaferð þar sem hjólað verður á **hæfilegum hraða**, á góðum hjólastígum með það að markmiði að njóta þess sem fyrir augu ber. Gist verður í bænum **Kaprun**, sem liggur við hið fagra vatn **Zell** í Salzburgerlandi og þaðan munum við halda í fjölbreyttar dagsferðir um fallegar sveitir. Haldið verður í ævintýrlega dagsferð að **Krimmlerfossunum** og til bæjarins **Saalfelden** en þar verður hjólaður skemmtilegur hringur sem að hluta tilheyrir hinni frægu **Tauern hjólaleið**. Að sjálfsgöðu verður einnig hjólað umhverfis vatnið Zell. Gist verður á 4\* heilsuhóteli þar sem auðvelt verður að láta líða úr sér eftir yndislega útiveru. Í þessari ferð fer saman útivist og hreyfing í fjölbreyttu og **heillandi umhverfi**.

8 dagar | 7 nætur í Kaprun




### Undirbúningur

Þetta er létt til miðlungserfið hjólaferð og dagleiðirnar spanna um 30 -65 km. Ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Við ráðleggjum þátttakenduma að æfa sig vel fyrir ferðina, fara í nokkra lengri dagstúra og festa kaup á gelhnakki eða hjólabuxum. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir hjólaferð af þessu tagi og farþegar njóta sjálfrar ferðarinnar betur ef þeir æfa og undirbúa sig vel fyrir ferðina. **Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir hjóladaga ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í hjólaferðir á eigin vegum.**

### 17. ágúst | Flug til München & ekið til Kaprun

Flogið frá Keflavík með Icelandair kl. 07:20. Mæting u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Rúmlega þriggja tíma keyrsla er á hótelið í Kaprun. Þessi huggulegi 3.000 manna bær kúrir milli fjallanna í nágrenni vatnsins og hér komum við okkur fyrir.



## 18. ágúst | Umhverfi Zell am See



Pennan fyrsta hjóladag förum við í hjólabúðina í bænum Zell þar sem hver og einn fær hjól við sitt hæfi. Síðan kynnum við okkur umhverfið nánar og hjólum umhverfis þetta yndislega vatn. Farið verður um fallett svæði á góðum hjólastígum og fyrir augu bera byggingar og kastalar eins og Schloss Prielau, sem í dag er nýttur sem lúxushótel. Möguleiki er að fara líka í skemmtilega bátsferð um vatnið áður en haldið er heim á hótél. Áætluð dagleið u.þ.b. 30 km.

## 19. ágúst | Krimmlerfossar

Við förum með hjólin í rútu upp að Krimmlerfossunum í Salzachdalnum. Fossarnir falla milli háu Tauernfjallanna og Kitzbühel-Alpanna og er þetta einn glæsilegasti foss Alpanna. Leiðin aftur niður til Kaprun er ævintýrlega falleg og verður að hluta til hjólað á hinum þekktu Tauernradweg. Áætluð dagleið u.þ.b. 60 km.



## 20. ágúst | Almdorf

Frá Kaprun hjólum við með fram vesturhlið vatnsins Zell og til Almdorf, sem er þyrping af vinalegum gömlum bóndabæjum í alpastíl. Þaðan til baka til Ritzensee, sem er fallett stöðuvatn í Saalfelden. Þar gefst möguleiki á að heimsækja snafsframleiðanda eða skoða héraðssafnið í Ritzen kastalanum. Hjólað verður um fallegar sveitir til baka á hótelið í Kaprun. Áætluð dagleið u.þ.b. 45 km.

## 21. ágúst | Frídagur í Kaprun



Frjáls dagur og hverjum og einum gefst tækifæri á að kanna umhverfið á eigin vegum. Bærinn Kaprun er þekktur fyrir að vera staðsettur við svokallað Evrópu-íþróttasvæði og því vinsæll ferðamannabær jafnt sumar sem vetur. Upplagt er að taka stuttan hjólatúr til bæjarins Zell am See eða nota aðstöðuna á hótelinu; fara í gufu, heitan pott eða láta dekra við sig í heilsulind hótelsins.

## 22. ágúst | Steinbergrunde & Pillersee

Eftir góðan morgunverð mun rúta keyra okkur til Saalfelden og verða hjólin að sjálfsögðu með í för. Þaðan hjólum við einstaklega fallega hringleið sem nefnist Steinbergrunde og liggur milli bæjanna St. Martin bei Lofer, Waidring, St. Ulrich við Pillersee, Hochfilzen og Leogang. Að loknum góðum hjóladegi mun rútan keyra okkur aftur á hótelið í Kaprun. Áætluð dagleið u.þ.b. 65 km.

### 23. ágúst | Kaprun Kitzlochklamm

Í dag verður hjóluð geysilega falleg leið, svokallaður Tauern hjólreiðavegurinn. Þessi leið liggur frá hótelinu að hinu fagra Kitzlochklamm gljúfri, sem með sínum hrikalegu klettum og kröftugu fossum telst til fallegustu gljúfra austurrísku Alpanna. Hjólaleiðin liggur að hluta til með fram ánni Salzach og á vegi okkar verða lítil þorp og ólýsanleg náttúrufergurð hvert sem litið er.

Hjólaleiðin er þægileg, u.þ.b. 23 km, um 1,5-2 klst. Við gefum okkur góðan tíma til að skoða og njóta hinnar mikilfenglegu náttúru við og í kringum gljúfrið. Hjóluð verður sama leið til baka að hótelinu.



### 24. ágúst | Heimferð

Strax eftir morgunverð verður lagt af stað út á flugvöll. Brottför frá flugvöllinum í München kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

#### Hótel

Fjölskyldurekna 4\* hótelið Kaprunerhof er á kyrrlátum stað í þorpinu Kaprun, vel staðsett fyrir göngu- og hjólaleiðir svæðisins. Boðið er upp á fjögurra rétta kvöldverði með valréttum og morgunverðarhlaðborðið er fjölbreytt með framboði af lífrænum afurðum. Herbergin eru öll með baði/sturtu, hárburrku, sjónvarpi, öryggishólfi og míníbar. Líkamsræktaraðstaða og heilsulind eru á hótelinu með gufu- og eimbaði, nuddpotti og sundlaug. Gestir fá baðslopp og inniskó til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypis þráðlaust net er á öllu hótelinu.




## Verð

399.900 kr. á mann í tvíbýli | 53.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Rútuferðir til og frá flugvelli.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi í 7 nætur á 4 \* hóteli í Kaprun.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelinu.
- ✓ Boðið verður upp á einn 7 rétta hátíðarkvöldverð.
- ✓ Aðgangur að heilsulind hótelsins sem býður m.a. upp á mismunandi gufuböð og innisundlaug.
- ✓ Baðsloppur og inniskór fyrir dvölinu.
- ✓ Frítt internet á hótelinu.
- ✓ Rútuferð til og frá bænum Saalfelden með hjólin.
- ✓ Rútuferð með hjólin að Krimmlerfossum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



## Ekki innifalið

- ✓ Leiga á 24 gíra trekkinghjóli með tösku og lás í 6 daga 23.000 kr.
- ✓ Leiga á rafhjóli með tösku og lás í 6 daga 32.200 kr.
- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

